

11. mars 2004

Efnahags- og viðskiptanefnd  
Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Þann 9. mars sl. óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Reikningsskilaráðs um breytingartillögu fjármálaráðuneytisins dagsetta 8. mars sl. við frumvarp til laga um breytingar á lögum um ársreikninga, mál nr. 427 sem nú er til umfjöllunar hjá nefndinni. Ráðið hefur áður send nefndinni umsagnir vegna frumvarpsins í bréfi dags 19 janúar sl. og umsögn dags. 5. mars. sl. um fyrri breytingartillögu fjármálaráðuneytisins.

Ráðið hefur yfirfarið breytingartillögur ráðuneytisins dags. 8.3.2004 og telur að í henni sé ekki tekið tillit til allra þeirra annmarka sem ráðið hefur bent á í fyrri skrifum sínum til nefndarinnar. Þeir annmarkar sem ekki var tekið tillit til, telur ráðið að hafi mikla þýðingu fyrir framkvæmd laganna. Ráðið vill því ítreka fyrri afstöðu sína og hefur í sjálfu sér litlu við það að bæta.

